

**Mál nr. 418/2019****M og  
V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra X****Skaðabótaábyrgð og hlutverk byggingarstjóra vegna tjóns 4. nóvember 2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3. desember 2019 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16. desember 2019.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á fasteign M hinn 4. nóvember 2017 þegar vindur hafi komist inn í byggingu A. Vindurinn fór í gegnum opin gluggaop með þeim afleiðingum að þakið lyftist upp, fauk til og skemmdist. X var byggingarstjóri vegna byggingarframkvæmda en jafnframt verktaki verksins.

M telur að X sem byggingarstjóri verksins hafi vanrækt lögbundnar skyldur sínar með því að láta hjá líða að sjá til þess að opnum gluggaopum yrði lokað og þannig búið um bygginguna að hún gæti staðið af sér það hvassviðri sem búast hafi mátt við á þessum árstíma. X hafi því ekki gætt þess að framkvæmd verksins væri tæknilega og faglega fullnægjandi og það skapi honum skaðabótaábyrgð skv. 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Einnig bendir M á að viðurkennd hafi verið skaðabótaábyrgð úr frjálsri ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins.

V telur ósannað að X hafi vanrækt þær skyldur sem á honum hvíla skv. lögum nr. 160/2010 og eigi M því ekki lögvarða kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra. Einnig vísar V til þess að tjón M sé ósannað og verði að taka tillit til skyldna M sem verktaka vegna verksins í tengslum við lagfæringu á þaki. V vísar einnig til þess að aðgreining sé á skyldum byggingarverktaka og byggingarstjóra, sbr. 2. málsl. 7. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010. Það hafi því ekki sérstaka þýðingu gagnvart M að tjón hafi verið bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X, en það hafi verið tjón þriðja aðila, en ekki M. Að lokum vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 409/2012.

**Álit:**

Samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 fer um skaðabótaábyrgð byggingarstjóra skv. 7. mgr. 29. gr. laganna þar sem kemur fram að hljóti eigandi eða þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi þá ber hann skaðabótaábyrgð á því skv. almennum reglum. Þar kemur einnig fram að byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð iðnmeistara eða hönnuða, né því að iðnmeistarar eða aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar skv. verk- eða kaupsamningi. Í þessu máli verður ekki leitt af ákvæðum laga nr. 160/2010 að X hafi sem byggingarstjóra borið að byrgja gluggaop heldur hafi það verið hlutverk byggingaverktaka. Ekki verður heldur séð að atvik séu þannig að um stórfellda vanrækslu hafi verið að ræða af hálfu verktaka sem hafi leitt til ágallar á fasteigninni sem ekki hefðu átt að dyljast byggingarstjóra í skilningi 5. mgr. 29. gr. áður nefndra laga. M eiga því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. janúar 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.